



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölgun íslenskuvera

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. maí 2023 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að íslenskuverum verði fjölgað í Reykjavík þannig að eitt slíkt sé í hverju hverfi. Íslenskuver er hugsað fyrir nemendur sem koma ný inn í skólakerfi borgarinnar. Um börn með takmarkaða eða jafnvel enga skólagöngu að baki getur verið að ræða. Einhver börn koma vegna umsókna um alþjóðlega vernd eða sem börn á flóttu. Þarna er um ungmenni að ræða sem þurfa á mikilli íslenskukennslu að halda fyrstu mánuði þeirra hér svo þau dragist ekki aftur úr jafnöldrum. Íslenskuverið sinnir því hlutverki og mikilvægt er að það sé aðgengilegt börnum í öllum hverfum, í nærumhverfi þeirra. Nú starfa fjögur íslenskuver í borginni en nauðsynlegt er að þeim sé fjölgað.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Í Reykjavík eru starfandi fjögur íslenskuver sem þjónusta börn í 5. - 10. bekk sem eru nýflutt til landsins. Í Austurmiðstöð er það við Ingunnarskóla, í Suðurmiðstöð er það við Breiðholtsskóla, í Norðurmiðstöð er það við Vogaskóla og í Vesturmiðstöð er það við Austurbæjarskóla. Hvert íslenskuver þjónustar þá grunnskóla sem tilheyra því hverfi. Alls er gert ráð fyrir að allt að 18-20 nemendur geti verið í verinu hverju sinni. Börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fara ekki í íslenskuver, heldur eru þau í skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og nefnist Birta. Þegar börn fá stöðu flóttafólks er hægt að sækja um fyrir þau í íslenskuver.